

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags leikskólakennara**

123. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara var haldinn föstudaginn 13. júní 2022. Fundurinn sem er fjarfundur og hófst kl. 10:00. Fundurinn er sameiginlegur fundur samstarfsnefnda FL og FSL.

Á fundinum voru f.h. FSL, Sigurður Sigurjónsson og f.h. FL Haraldur F. Gíslason.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rakel Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Pá var gengið til dagskrár.

#### **1. Tillaga um breytingar á samþykktum Vísindasjóðs FSL og FL**

Fram er komið erindi frá stjórn VÍS, FSL og FL þar sem óskað er eftir staðfestingu samningsaðila á breytingum á samþykktum sjóðsins.

##### **Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála neðangreindum tillögum um breytingar á samþykktum Vísindasjóðs FSL og FL og samþykkir að þær breytingar taki gildi frá og með 1. ágúst 2022.

**Grein 1.3 hljóði svo:** Ákvörðun stjórnar telst lögð ef meirihluti stjórnarmanna greiðir henni atkvæði. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

**Grein 3.1.2. hljóði svo:** Styrkur skal aldrei vera hærri en sem nemur útlögðum kostnaði vegna náms- og þátttökugjalda, ferða og gistingar. Fæðiskostnaður, annar en morgunverður á gististað, er ekki styrkhæfur.

**Grein 1.3.6. hljóði svo:** Miðað skal við að fagleg dagskrá erlendis standi að jafnaði yfir í a.m.k. einn og hálfan dag og einn dag innanlands. Ferðalög, samráðsfundir og hópefli teljast ekki sem hluti faglegrar dagskrár.

**Grein 3.2.1. hljóði svo:** Greiðsla miðast við fjölda eininga allt að 180 ECTS einingum.

**Grein 3.2.2. hljóði svo:** Fyrir fullt nám 180 ECTS getur einstaklingur fengið greitt að hámarki 600.000 kr. einu sinni á starfsferlinum.

**Grein 3.2.4.** er felld niður og samhliða er styrkveitingum vegna ECTS einingabærs náms sem fram fer erlendis hætt. Greinin sem felld er niður hljóðar svo: „Vegna náms erlendis er greitt 7.500 kr. fyrir einingu, eftir á. Fyrir fullt nám 120 ECTS getur einstaklingur fengið greitt að hámarki 900.000 kr. á 5 ára tímabili“.

**Grein 3.3.5.** Breyting er gerð á núverandi texta í grein 3.3.5 sem hljóðar svo: „Við upphaf samþykks verkefnis er greiddur fjórðungur af heildarstyrkfjárhæð.“ Við tekur eftirfarandi ákvæði „Styrkurinn er greiddur í einni greiðslu þegar verkefni er lokið og hefur verið skilað til stjórnar sjóðsins.“

Aðilar eru sammála um að fela stjórn sjóðsins að uppfæra frumrit samþykka sjóðsins í samræmi við ofangreindar breytingar og verður það eintak undirritað rafrænt af samningsaðilum.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 10:15.